

Ed.

407. Nefndarálit

um frv. til laga um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Frumvarp þetta miðar fyrst og fremst að því að koma á skipulagi um sölu mjólkur og rjóma, í því skyni að draga úr sölu- og dreifingarkostnaði þessara afurða og bæta og jafna verðlag á þeim. En jafnframt miðar frv. að því að bæta hollustuhætti um meðferð sölumjólkur.

Á síðasta fjárlagaþingi var borið fram frv., er stefndi og að þessu tvennu (Alþt. 1933, A. þskj. 569). En það frv. breyttist svo í meðferð þingsins, að öll ákvæði þess um skipulag mjólkursöluunnar voru burtu numin, og urðu því lög nr. 97 19. júní 1933 ófullnægjandi að þessu leyti. Hafa því verið tekin upp í frv. þetta mörg helztu ákvæði úr fyrrgreindu frv., en þó allmikið breytt, bæði að efni og formi.

Efnisbreytingar eru þessar helztar:

1. Í stað þess að eftir frv. frá 1933 var til þess ætlaðt, að komið yrði skipulagi á sölu með samþykktum innan hvers sölusvæðis, er í frv. þessu ætlaðt til, að skipulaginu verði á komið með beinum lagaboðum.
2. Verðjöfnunarsvæði skal nú miða við aðstöðu til þess að koma afurðunum daglega á sölustaði svæðisins, í stað þess, að í frv. frá 1933 er miðað við tiltekna fjarlægð.
3. Mjólkurframleiðendur í kaupstöðum og kauptúnum skulu nú undanþegnir verðjöfnunargjaldi af þeirri mjólk, er þeir framleiða með fóðri af ræktuðu

landi innan hlutaðeigandi kaupstaðar eða kaupsþúns. En slík undanþága var ekki í frv. frá 1933.

4. Ráðherra skal nú heimilt, er sérstaklega stendur á, að setja það skilyrði fyrir viðurkenningu, eða starfsemi löggiltra mjólkurbúa, að þau taki mjólk til gerilsneyðingar fyrir utanfélagsmenn.

Þá eru og í frv. þessu ýmis önnur ný ákvæði, svo sem um mat og flokkun mjólkur eftir gæðum, svo sem þegar mun tíðkast á mjólkurbúunum, um að hækka megi verðjöfnunargjald fram úr 5% af söluverði, ef þörf krefur, um sérstöðu kúabúa, sem rekin eru af bæjarfélögum eða ríki, um skipun mjólkur-sölunefndar og mjólkurverðlagsnefndar og um útreikning söluverðs eftir vísitölum o. fl.

Frumvarp þetta er undirbúið af nefnd, er fyrrverandi landbúnaðarráðherra skipaði á síðastliðnum vetri, skv. þingsályktun efri deildar Alþingis, til þess að gera tillögur um sölu landbúnaðarafurða innanlands. En þó hefir núverandi landbúnaðarráðherra látið gera á því nokkrar breytingar, einkum að formi, og ekki allar til bóta, áður en það var gefið út sem bráðabirgðalög 10. sept. síðastl.

Minni hlutinn telur frv. þetta fyllra en frv. frá 1933 og breytingarnar yfirleitt til bóta. Væntir minni hlutinn þess fastlega, að lög í þessa átt fái orðið mjólkurframleiðendum yfirleitt til hagsbóta, enda er þess hin brýnasta þörf. Leggur minni hlutinn ríka áherzlu á, að framleiðendur fái einir notið þess hagnaðar, sem næst með lækkun sölu- og dreifingarkostnaðar, a. m. k. þar til er þeir hafa náð því afurðaverði, að framleiðslan fái borið sig. Og flytur minni hlutinn því breytingartillögu við 4. gr. síðari mgr., til þess að þessi tilgangur frv. verði sem auðsæjastur.

Ekki er því að neita, að hagsmunir einstakra héraða eða héraðshluta geti að nokkru rekizt á um einstök atriði, þegar kemur til framkvæmdar laga sem þessara. Telur minni hlutinn því miklu skipta, að gætt verði hinnar fyllstu sanngirni og réttsýni um þau atriði, svo að lögin komi að sem beztum notum.

Þess var frá upphafi kostur af hálfu minni hlutans, að nefndin skilaði sameiginlegu nefndaráliti, þótt einstakir nefndarmenn hefðu óbundið atkvæði um breytingartillögur. Háttvirtir meðnefndarmenn hafa hinsvegar talið sér samboðið að setja nöfn sín undir plagg það, sem prentað er á þskj. 361 og kallað nefndarálit um frv. til laga um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl. En svo sem hver maður, er leggur vinnu í að lesa plagg þetta, getur séð, er hér alls ekki um nefndarálit að ræða, heldur rangan og óvandaðan söguburð um afskipti einstakra manna af mjólkurmálinu undanfarin ár og ýmis alóskyld efni, enda er þar yfirleitt ekkert á lagafrumvarpið minnzt, nema í rúmlega hálfri línu í niðurlaginu. Það er fjarri minni hlutanum að láta þvílíka málfærslu og missögli hafa hin minnstu áhrif á afstöðu sína til frv. þessa, þótt svo kunnir að hafa verið til ætlazt.

Leggur minni hlutinn því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 4. gr. Önnur málsgrein orðist svo:

Við ákvörðun á útsöluverði mjólkur og mjólkurafurða skal sérstaklega hafa hliðsjón af kostnaði við framleiðsluna á hverjum tíma og þess gætt, að framleiðendur njóti að fullu þess hagnaðar, er leiða kann af breyttri tilhögun mjólkursölunnar, að minnsta kosti að svo miklu leyti sem þarf til þess, að mjólkurframleiðslan fái borið sig. Í því skyni skal við ákvörðun útsöluverðsins stuðzt við verðvísitölur, er sýni aðalkostnaðarliði framleiðslunnar ár hvert, eftir nánari ákvæðum, er ráðherra setur í reglugerð.

2. Við 11. gr. Greinin orðist svo:

Mjólkursölunefnd getur veitt undanþágu frá greiðslu verðjöfnunargjalds á einstöku verðlagssvæði, ef mjólkurframleiðendur þar koma sér saman um ákveðið verð til framleiðenda á svæðinu.

Má þá í samþykkt, er mjólkursölunefnd staðfestir, setja ákvæði um hlutdeild hvernar sveitar eða sveitarhluta á svæðinu í sölu mjólkur, rjóma og annara mjólkurafurða á aðalmarkaðsstöðum svæðisins, eftir fjarlægð frá markaðsstöðum og öðrum staðháttum.

Með hinni síðari breytingartillögu er ætlazt til, að ákvæði greinarinnar verði ljósari. En ástæður fyrir hinni fyrri eru áður greindar.

Alþingi, 10. nóv. 1934.

Dorsteinn Briem,
frsm.

Pétur Magnússon.